

**473. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 19. ágúst 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og því skoðast fundurinn lögmætur.

Dagskrá:

1. 1408018 - 90. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða

Til kynningar.

2. 1408019 - 91. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða

Til kynningar.

3. 1407008F - Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 4

Tekin var til afgreiðslu fundargerð 4. fundar Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar. Fundargerðin er í 6 liðum. Eftirtaldir liðir voru teknir til afgreiðslu: Liður 2, Deiliskipulag fyrir fóðurstöð í Tálknafirði., mál nr. 1407066. Liður 3. Umsókn um byggingarleyfi. Mál nr. 1408006. Aðrir liðir í fundargerð Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar eru staðfestir. Samþykkt samhljóða.

3.1. 1407066 - Deiliskipulag fyrir fóðurstöð í Tálknafirði

Tekið fyrir deiliskipulag fyrir fóðurstöð Fjarðalax, Háanesi í Tálknafirði, dagsett 10. febrúar 2013. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar hjá viðeigandi stofnunum og auglýsa deiliskipulagið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn bendir einnig á að byggingarreitir eru utan leyfilegra fjarlægðamarka frá sjó og vegi skv. skipulagsreglugerð og óska þarf undanþágu vegna þeirra.

Samþykkt samhljóða.

3.2. - Umsókn um byggingarleyfi.

Erindi frá Jóni Inga Jónssyni, í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir breyttu útliti á Eyrarhúsum. Breytingin felur í sér lokun á gluggaopi sem og klæðningu veggs undir svölum. Erindinu fylgja útlitsteikningar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu

byggingarleyfis.
Samþykkt samhljóða

4. 1408030 - Allt að 16.000 tonna framleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði - beiðni um umsögn

Afgreiðslu frestað, sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum.
Samþykkt samhljóða

5. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem eru í vinnslu. Einnig var lagt fram yfirlit um innborgaða staðgreiðslu fyrstu 7 mánuði ársins.

6. 1207069 - Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, drög að tillögu að matsáætlun.

Sveitarstjórn fagnar þeirri hugmynd sem fram kemur að leiðarvali í nýrri tillögu að matsáætlun vegna Vestfjarðavegar nr. 60 milli Bjarkalundar og Melaness. Þar er lögð fram ný veglína, nefnd Þ-H. Umrædd veglína er talin til þess fallin að halda raski skóglendis í lágmarki án þess að það bitni á umferðaröryggi. Rask á skóglendi er áætlað um 1% af núverandi skóglendi að teknu tilliti til mótvægisáðgerða og breyttrar verktilhögunar. Með tillögu að þessari nýju veglínu í Þorskafirði telur sveitarstjórn að tekist hafi að samræma náttúruverndarsjónamið og umferðaröryggi með lágglendisvegi. Fram kemur í matsáætlun að kostnaður sé u.þ.b 3 Mkr. ódýrari en aðrir kostir sem koma til álita. Sveitarstjórn hvetur til að umrædd tillaga hljóti brautargengi sem fyrst, þar sem Vestfjarðavegur 60 er þjóðvegur allra landsmanna til að komast vestur á firði ásamt því að vera lífæð íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum.

7. 1408029 - Fjármálastjórn sveitarfélaga

Til kynningar.

8. 1408028 - Fasteignamat 2015

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.
